



LANDBÓTASJÓÐUR
NORÐUR HÉRAÐS

**Ársskýrsla
2011**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Framkvæmdir árið 2011.....	1
Yfirlit yfir landgræðsluaðgerðir LNH 2011.....	2
Landgræðsluaðgerðir á heiðinni 2011.....	3
Landgræðsluaðgerðir á áreyrum Jökulsár 2011.....	6
Framkvæmdaáætlun 2012.....	10
Fundargerðir rágjafanefndar 2011.....	11
Fundargerðir stjórnar LNH 2011.....	25
Fundargerð opins kynningarfundar um starfsemi LNH.....	27
Fylgigögn	
Yfirlitsmyndir yfir framkvæmdir 2003 til 2011	
Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2011	

Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapast undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapast um 32 km² af grónu landi undir Hálslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt gróið og ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulegan gróður svæðisins. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á.

Framkvæmdir 2011

Eins og á undanförunum árunum fólust framkvæmdir 2011 í dreifingu á áburði og fræi á lítt gróið land og virk rofsvæði og styrkingu á eldri sáningum og áburðardreifingum, bæði á Jökuldalsheiði, í Hrafnkeldal og víða þar á slóðum og áreyrum Jökulsár á Brú. Alls voru keypt **121,65 tonn af áburði**. Þar sem 4,8 tonnum var ekki dreift í Möðrudal eins og til stóð, var alls dreift **116,85 tonn** á um **638 ha** lands. **300 kg af melfræi** var sáð í áreyrnar og **600 kg af túnvingulsfræi** í rofabörð á heiðinni. Einnig voru keyptar um **2.000 birkiplöntur** í bökkum til að gróðursetja í valin svæði á áreyrum Jöklu.

Þar sem samningar við verktaka voru lausir var samþykkt að senda dreifibréf til íbúa á starfssvæði sjóðsins og leita eftir áhugasömum aðilum til að sjá um dreifingu og flutning á áburði. Erindi bárust frá Benedikt Arnórssyni, Snæbirni Ólasyni, Agnari Benediktssyni, Sigurði Jónssyni, Viggó M. Eiríkssyni og Jóni Björgvin Vernharðssyni. Ákveðið var að semja við alla þessara aðila og skipta svæðunum á milli þeirra á þann hátt að Benedikt, Snæbjörn og Agnar önnuðust uppgræðslu á heiðinni vestan Jöklu, Jón Björgvin svæðin á heiðinni austan Jöklu og Viggó svæðin á áreyrum. Sigurður annaðist flutning á áburðinum.

Þar sem voraði mjög seint á þessu ári var ekki hægt að vinna á uppgræðslusvæðunum fyrr en eftir fyrstu vikuna í júlí. Á heiðinni var unnið frá 6. til 10. júlí, en uppgræðsla á áreyrunum hófst fyrst þann 6. júlí og lauk ekki fyrr en 25. júlí.

Eins og undanfarin ár og gert var ráð fyrir í samkomulagi milli Landsvirkjunar og virkjunarnefndar N-Héraðs frá árinu 2002, vann hópur úr unglingavinnu Landsvirkjunar að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs sumarið 2011. Vinna unglingana byrjaði þann 27. júní og lauk þann 28. júlí. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út eftir hverja viku. Eins og á undanförunum árum fékk unglingahópurinn fræðslu um landgræðslustörf hjá undirritaðri í formi fyrirlesturs, myndasýningu og spjalls í Fljótsdalsstöð áður en vinnan á vettvangi hófst.

Unglingarnir stóðu sig mjög vel og er vinna þeirrar mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Yfirlit yfir landgræðsluaðgerðir Landbótasjóðs N.-Héraðs 2011.

Svæði	Véldreift				Handdreift		
	Stærð	Áburður		Fræ	Stærð	Áburður	Fræ
	ha	tonn	kg/ha	kg	ha	tonn	kg
Heiðin							
Brú	75	12,0	160	0		1,2	50
Vaðbrekkuháls	0	0,0	0	0		0,6	0
Hrafnkelsdalur	18	3,6	200	0		1,2	100
Skænudalur	46	9,0	196	0		0,6	50
Faxahús	33	6,6	200	0		0,0	0
Glúmstaðardalur	6	1,2	200	0		1,2	150
Laugarvellir	53	8,4	158	0		0,0	0
Laugarvalladalur utar	12	2,4	200	0		0,0	0
Hallarfjall	30	3,0	100	0		0,0	0
Múli	17	3,0	176	0		1,2	75
Grunnavatnsalda	30	4,8	160	0		0,6	75
Sænautasel	35	6,0	171	0		0,7	50
Botnahraun	0	0,0	0	0		0,0	0
Jökuldalsheiði milli vega	45	7,2	160	0		1,5	50
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	30	4,8	160	0		0,0	0
Heiðin samtals	430	72,0	167	0	30	8,8	600
Áreyrar Jökulsár							
Fossvellir/Veiðieyri	0	0,0	0	0	gróðursetning birkiplantna		
Hrafnabjörg	0	0,0	0	0		0	0
Litli Bakki	17	3,6	212	0		0	0
Surtsst.eyrar-Hallgeirsstaðir	0	0,0	0	0	gróðursetning birkiplantna		
Hrærekslækur	10	1,8	180	0		0	0
Galtastaðir	10	3,0	300	300		0	0
Hólmátunga	21	4,2	200	0		0	0
Bláeyri	10	1,8	180	0		0	0
Breiðamörk	10	1,8	180	0		0	0
Áreyrar Jökulsár samtals	78	16,2	208	300	2.000 birkipl., 50 kg áburður		
Framlag til bænda	100	19,8	198			0	0
Alls áburður og fræ	608	108,0	178	300	30	8,8	600

Landgræðsluaðgerðir á heiðinni 2011

Borin voru **80,8 tonn af áburði** á um **460 ha** af heiðarlandi. Þar af dreifðu verktakarnir **72 tonn** á um **430 ha** með vélum en unglingarnir handdreifðu **8,8 tonnum** af áburði á um **30 ha**. Einnig sáðu unglingarnir **600 kg** af húðuðum túnvingli í rofabörð.

Þetta magn af áburði og fræi skiptist á eftirfarandi staði:

Brú

Alls var 12 tonnum af áburði dreift með vélum í landi Brúar á um 75 ha. Áburðarskammtur var 160 kg/ha. Af þessum áburði fóru 7,2 tonn á uppgræðslusvæðið við Grænöxl utan við Djúpagil, bæði innan og utan beitargirðingarinnar. Aðaláherslan var lögð á að bera á miðsvæðið sem hafði bara fengið áburð í tvö skipti. 2,4 tonn voru borin á svæðið meðfram Þverárvatni, neðan vegar, þar sem töluverður sandur er í landinu og virkt rof. Um helmingur af þessum áburði fór á land sem ekki hefur verið borið á áður. Loks var 2,4 tonnum dreift á svæðið rétt innan við Svínabúðarlæk, yst á Brúar-svæðinu neðan vegar. Það svæði hefur að hluta til bara einu sinni fengið áburð áður.

Unglingarnir handdreifðu 0,6 tonnum af áburði og 50 kg af túnvingli í rofabörð á svæðinu utan við Þverá. Einnig báru þeir 0,6 tonn af áburði á rofsvæðið innan við Brú í fjallsbrún ofan við fjárhús.



Mynd 1. Gróður að eflast við Grænöxl utan við Djúpagil, 22.9.2011



Mynd 2. Í rofabörðunum utan við Þverá hefur unglingahópurinn unnið að uppgræðslu með góðum árangri, 22.9.2011

Vaðbrekkuháls

Vegna mikils niðurskurðar í áburðarkaupum var ekkert borið á uppgræðslusvæðin í Vaðbrekkuhálsi, enda talið að það svæði væri það langt komið í framvindu að það þyldi vel að fá ekki áburð núna. Unglingahópurinn bar á einn sekk, 0,6 tonn af áburði, á rofsvæði í Hálsendanum.

Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal voru borin á 3,6 tonn af áburði á melasvæði og í rofabörð meðfram veginum og upp í fjallshlíðinni á nokkrum stöðum í dalnum, alls á um 18 ha. Að auki bar unglingahópurinn 0,6 tonn af áburði og 50 kg af túnvingulsfræi í rofabörð á nokkrum svæðum ofan vegar. Til viðbótar var borið á 0,6 tonn og 50 kg af fræi í rofsvæðin við Hústóft.

Skænudalur

Alls voru borin á 9 tonn af áburði í Skænudal á um 46 ha. Borið var á neðri hlutann, ofan vegar og á hluta af efra svæðinu neðan vegar. Einnig dreifðu unglingarnir 0,6 tonnum af áburði og um 50 kg af túnvingulsfræi í rofabörð á svipuðum slóðum og árin á undan.

Faxahús

Þar voru borin á 6,6 tonn á 33 ha. Áburðurinn fór á ytra svæðið að veginum og fyrir ofan veg að barðinu, en þau svæði hafa aldrei fengið áburð áður.

Glúmstaðardalur

Byrjað var á uppgræðslu á nýju svæði við Glúmstaðardal innan við Faxahúsasvæðið. Þar er mikið virkt rof, há og sendin rofabörð og melar á milli. Borin voru á 1,2 tonn af áburði með áburðardreifara á um 6 ha svæði. Síðan handdreifði unglingahópurinn 1,2 tonnum af áburði og um 150 kg af fræi á þetta rofsvæði.

Laugarvellir

Borin voru á 8,4 tonn af áburði á um 53 ha. Þar með hefur stór hluti uppgræðslusvæða fengið styrkingu á þessu ári og sérstaklega var lögð áherslu á að styrkja þau svæði sem hafa bara fengið áburð einu sinni.



Mynd 3. Ásýnd Laugarvallardals er óðum að breytast og jarðvegsrof að minnka, 22.9.2011

Laugarvallardalur utar

Utar í Laugarvallardal fyrir innan þar sem Vesturdalurinn mætir Laugarvallardal er sendið rofsvæði með einstökum melgresishólum. Ákveðið var að styrkja það melgresi sem fyrir er með áburði til að efla það og fá meiri gróðurþekju til að stöðva jarðvegsrof sem þar á sér stað. Borin voru á 2,4 tonn af áburði á um 12 ha.

Hallarfjall

Uppgræðslusvæðið við Hallarfjall var stækkað til norðurs á þessu ári. Þeirri aðferðarfræði að bera einungis á 100 kg af áburði á ha var viðhaldið á þessu svæði. Borin voru á 3 tonn af áburði á um 30 ha.

Múli


Borin voru á 3 tonn af áburði á um 17 ha. Svæðið innan við Djúpagil sem var nýtt svæði í fyrra fékk áburðarstyrkingu og einnig var borið á svæðið við Einars-vörðuna bæði ofan og neðan vegar. Lengra út eftir er sendið rofsvæði þar sem víðirinn er orðin berróta. Það svæði var einnig styrkt með áburði. Um 1,2 tonn af áburði og um 75 kg af túnvingulsfræi var handdreift af unglingahópnum í rofabörðin sem eru á svæðinu við Reykjará.



Mynd 4. Innan við Djúpagil, grassáning frá því árið 2010 var styrkt með áburði, 22.9.2011

Grunnavatnsalda

Alls var um 4,8 tonnum af áburði dreift á Grunnavatnsöldu á um 30 ha. Sá áburður fór á svæðið utan Netselstanga neðan vegar. Í rofsvæðin sem liggja með nýjum vegslóða að Netselstanga handdreifðu unglingarnir 0,6 tonnum af áburði og um 75 kg af fræi.



Mynd 5. Á Grunnavatnsöldu eru uppgræðslusvæðin að mynda mikla samfellu, 22.9.2011

Sænautasel

Í ár voru borin á 6 tonn af áburði á um 35 ha á hluta af uppgræðslusvæði sem er vestan megin Ánavatns. Unglingahópurinn vann við uppgræðslu á rofabörðum inn að Skollavík með dreifingu á 725 kg af áburði og 50 kg af fræi.

Botnahraun og Jökuldalsheiði milli vega

Ekki var borið á svæðið í Botnahrauni. Á Jökuldalsheiði milli vega voru borin á 7,2 tonn af áburði, þar af fóru 4,8 tonn á 30 ha upp í Lönguhlíð norðan vegar sem fékk ekki áburð í fyrra. Og 2,4 tonn voru borin á Toddastykkið á um 15 ha. Mikið er um sendin og há rofabörð í Toddastykkinu og handdreifðu unglingarnir einnig 1,5 tonnum af áburði og 50 kg af fræi á það svæði.

Skjöldólfsstaðir með Gilsá

Í ár voru borin á 4,8 tonn af áburði á um 30 ha stórt svæði. Þar var eingöngu borið á svæði sem hafa áður fengið áburð.

Landgræðsluaðgerðir á áreyrum Jökulsár 2011

Reynslan hefur sýnt að töluverð óvissa er um hvenær yfirfallsvatn úr Hálslóni kemur síðsumars, hversu mikið það verður og hversu lengi það rennur niður Jöklu. Yfirfallsvatnið á árinu 2010 kom snemma, stóð lengi og var mikið og náði að eyðileggja eitthvað af uppgræðslunni. Þess vegna var ákveðið að byrja ekki á nýjum svæðum, heldur styrkja aðeins þau svæði þar sem gróðurinn hafði náð að festa rót. Vegna þessa fór töluvert minna af áburði á áreyrarnar eða **16,2 tonn** sem var dreift á um **78 ha**. Melfræið sem var geymt frá því í fyrra, var sáð inn á Galtastaðareyrum með raðsáðvél, 300 kg á um 4 ha. Á Hólmatungueyri var unnið þann 7. júlí, við Bláeyri þann 14., við Breiðamörk þann 15., en á svæðunum austan við ána (Galtastaðir, Hrærekslækur og Litli Bakki) ekki fyrr en þann 25. júlí. Ákveðið var að prófa gróðursetningu á birkiplöntum í Veiðieyri og hluta af Surtstaðareyrum, en sauðfé kemst yfirleitt ekki á þau svæði. Unglingahópur Landsvirkjunar undir stjórn Arnórs Benediktssonar sá um plöntunina á um **2.000 birkiplöntum** sem voru keyptar hjá Barra ehf. Um **50 kg af áburði** voru notuð á plönturnar við gróðursetningu.

Áreyrar Jökulsár – Fossvellir/Veiðieyri

Ekkert var borið á þetta svæði í ár. Mikil framvinda er í myndun gróðurþekju og jarðvegs og skán hefur myndast. Einnig er gróðurþekjan orðin það mikil að þetta svæði þarf væntanlega ekki áburð aftur. Það var því kjörið svæði til þess að gróðursetja í, en unglingahópurinn vann við gróðursetningu birkiplantna á þessari eyri. Við skoðun að hausti kom í ljós að væntanlega muni stór hluti af plöntunum ekki lifa þar sem þær lágu uppi með rótum, líklega af völdum gæsar. Reynt var að setja sem flestar plöntur niður aftur.



Mynd 6, Veiðieyri úr fjarlægð. Það svæði sem hefur staðið upp úr yfirfallsvatni er orðin nokkuð vel gróið, 30.9.2011



Mynd 7, Á Veiðieyrinni, þar sem mikil framvinda er á gróðursamfélaginu, 30.9.2011



Mynd 8, Dæmi um bakkaplöntu á Veiðieyrinni sem liggur bara ofan á, 30.9.2011

Áreyrar Jökulsár - Hrafnabjörg

Uppgræðsla á svæðunum sem fóru ekki undir vatn haustið 2010 var í góðu ástandi þannig að ákveðið var að sleppa að bera á það svæði í ár.

Áreyrar Jökulsár – Litli Bakki


Alls var um 3,6 tonnum af áburði dreift á um 17 ha á svæðið sem er fyrir neðan álinn, vestan malarnámsins. Ysta svæðið er nú orðið í góðu ástandi en innra svæðið eyðilagðist eftir yfirfallið í fyrra. Á svæðinu sem hefur bara fengið áburð eru að spretta upp víðiplöntur á nokkrum stöðum.



Mynd 9. Dagbjartur Jónsson við hlíðina á víðiplöntu sem er að vaxa og dafna á eyrinni við Litla Bakka, 30.9.2011

Áreyrar Jökulsár – Surtsstaðareyrar - Hallgeirsstaðir

Þau svæði sem eyðilögðust ekki við yfirfallsvatn í fyrra voru það vel á veg komin í uppgræðslu að ekki þótti ástæða að bera á þau svæði í sumar. Í hluta af þessu svæði gróðursetti unglingarhópurinn birkiplöntur. Eins og á Fossvelli/Veiðieyri virðist sem gæsin hafi tekið mikið af plöntum upp með rót og var reynt að koma þeim niður í jörðina aftur.



Myndir 10 og 11. Svæðið þar sem Beringspunti hefur verið sáð er nánast fullgróið þar sem yfirfallsvatn hefur ekki skemmt gróður, 30.9.2011

Mynd 12. Birkiplanta sem hefur dafnað vel, 30.9.2011

Áreyrar Jökulsár - Hraekslækur

Árið 2010 var fyrst borið á þessar eyrar. Ysta svæðið eyðilagðist í yfirfalli sama haustið. Borið var aftur á þau svæði þar sem gróður hafði fest rót, 1,8 tonn á um 10 ha. Einnig var gerð slóð inn á þetta svæði og sáð í rofabarð meðfram slóðinni.

Áreyrar Jökulsár - Galtastaðir

Svæðið þar sem beringspunti hefur verið sáð er orðið mjög vel gróið og þarf væntanlega ekki aftur áburð á næstu árum. Eingöngu var borið á gróðurinn sem er kominn upp á ysta svæðinu.

Þar er aðallega melgresi í hólum. Mikill sandur er á svæðinu. Milli núverandi melgresishóla var aftur sáð melgresisfræi (sem var geymt frá árinu á undan) með raðsáningsvél. Ekki var sáð eða borið á í lægstu svæðin eða þar sem álar hafa myndast. Í heild voru borin á 3 tonn af áburði, um 300 kg/ha og sáð 300 kg af melgresisfræi. Áburðarsvæðin eru ekki samfelld en samanlagt eru þau um 10 ha og sáningin var í um 4 ha. Við úttekt að hausti hafði fræið spírað ágætlega á flestum svæðum.



Mynd 13. Ágæt spírun eftir raðsáningu á melgresisfræi, 30.9.2011



Myndir 14 og 15. Beringspuntasvæðið er orðið vel gróið, 30.9.2011

Áreyrar Jökulsár - Hólmatunga

Borin voru á 4,2 tonn af áburði á um 21 ha. 200 kg/ha. Borið var á svæðið austan við varnargarð, nálægt vatnsstöðumælunum og á fleiri litlum svæðum sem áður hafa fengið áburð og eyðulögðust ekki við yfirfall.



Mynd 16. Svæðið nálægt vatnsstöðumælunum svaraði áburðargjöfi vel, 30.9.2011

Áreyrar Jökulsár – Bláeyri

Borin voru 1,8 tonn af áburði á um 10 ha á eldra uppgræðslusvæðunum.

Áreyrar Jökulsár - Breiðamörk

Áburður var borinn á flest þau svæði sem stóðu upp úr yfirfallsvatni haustið 2010. Þar voru borin á 1,8 tonn á um 10 ha.

Framlag til bænda

Á þessu ári var **24,6 tonnum af áburði** veitt til bænda til uppgræðslu í eigin landi. Hákonarstaðir, Eiríksstaðir, Teigarsel og Hnefilsdalur fengu hver um sig 2,4 tonn, Mælivelli, Möðrudalur og Merki 4,8 tonn hver um sig og 0,6 tonn fóru að Þríhyrningsvatni og var handdreift af áhugamönnum þar. Vegna ýmssa ástæðna var áburðinum í Möðrudal ekki dreift á þessu ári, en verður geymdur og notaður þar á næsta ári. Þannig að dreift var **19,8 tonnum** á um **100 ha**.

Árangur

Miðað við kalt veðurfar á þessu sumri má telja að árangur af uppgræðslustarfinu sé viðunandi og sumsstaðar góður. Næg væta var til staðar á þessum slóðum sem hjálpaði gróðrinum að dafna þrátt fyrir kulda. Miðað við sjónmat má þó telja að minni árangur hafi orðið af uppgræðslunni sérstaklega við fyrstu áburðargjöf en í venjulegu árferði. Vonandi hefur eitthvað af áburðarefnum sem nýttist ekki sumarið 2011 geymst í jarðveginum og hjálpar gróðrinum að dafna sumarið 2012.

Framkvæmdaáætlun 2012

Á árinu 2012 verður einungis hægt að kaupa 95,4 tonn eða 159 poka af áburði. Miðað við það áburðarmagn er eftirfarandi áætlun lögð til um magn áburðar á hvert svæði:

Áætlun	2011		2012	
Svæði	áburður tonn	fræ kg	áburðar tonn	fræ kg
Áreyrar	16,2	300 m	10,8	
Unglingar	7,2	600 tu	7,2	600 tu
Bændur	24,6		17,4	
Vaðbrekkuháls	0,0		4,2	
Hrafnkelsdalur	3,6		3,6	
Skænudalur	9,0		0,0	
Faxahús	6,6		6,0	
Glúmstaðardalur	1,2		1,8	
Laugarvallardalur	8,4		0,0	
Hallarfjall	3,0		3,0	
Laugarvallardalur utar	2,4		3,6	
Múli	3,0		2,4	
Brú	12,0		10,2	
Grunnavatnsalda	4,8		4,8	
Sænautasel	6,0		6,0	
Jökuldalsheiði milli vega	7,2		12,0	
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	4,8		2,4	
Samtals	120,0	900	95,4	600 tu

Fundargerðir ráðgjafanefndar 2011

Fundur ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs

Egilsstöðum, 18.2.2011 kl. 10:00 til 13:00

Mætt: Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt

Baldur setti fundinn.

Baldur sagði frá fundi stjórnar þar sem fram kom að einungis er áætlað að dreifa um 100 -120 tn af áburði í sumar vegna hækkunar á áburðarverði og framúrkeyrslu á síðasta ári.

Baldur hefur talað við Önnu á Brú sem er jákvæð gagnvart frekari uppgræðslu við Hallarfjall með lágum áburðarskömmtum.

Baldur talaði við Þorstein á Skjöldólfsstöðum. Þar mun verða hægt að fá heyrúllur til uppgræðslu.

Rætt var um uppgræðslu einstakra svæða og verkefna og gerð gróf áætlun fyrir komandi sumar:

Áreyrar:

- Fundarmenn eru sammála um að vegna hegðunar árinna væri jafnvel best að styrkja núna bara þau svæði sem eru vel á veg komin og hafa ekki orðið fyrir röskun árinna en bíða með fleiri aðgerðir.
- Áhugavert væri að tala við þá sérfræðinga sem gerðu á sínum tíma spá um hegðun Jöklu eftir virkjun til að fá fram þeirra sjónarmið á væntanlegri þróun á farvegi árinna í ljósi þeirra staðreynda að áin hegðar sér á annan hátt en spár gerðu ráð fyrir.
- Rætt var um það að sá á þessu ári melgresinu sem var keypt í fyrra, en var ekki notað vegna þess hvað yfirfall kom snemma. Álitlegt svæði til þess er á móts við Galtastaði, Sleðbrjótsmegin, þar sem raflínan fer yfir Jöklu.
- Gróflega áætlað magn af áburði á áreyrar eru 19,8 tn. En við vorskoðun getur sú tala breyst.

Unglingavinna:

- Athuga þarf hvort Arnór vilji áfram stýra unglingavinnu við uppgræðslu.
- Áætlað er að nota 7,2 tn af áburði og 600 kg af íslenskum túnvingli fyrir unglingana. Einnig eiga þeir að vinna í rofabörðum, stinga einhver niður og setja hey í þau o.s.frv.
- Svæðin fyrir unglinga: vinna áfram á sömu svæðum og undanfarin ár.

Bændadreifing:

- Möðrudalur 4,8 tn. Hluti Arnórsstaða verður færður inn í almenna áburðardreifingu sjóðsins á heiðinni, halda hinu óbreyttu (2,4 tn í Hákonarstaði, 2,4 tn í Eiríksstaði, 4,8 tn á Mælivelli, 2,4 tn í Teigarsel, 2,4 tn í Hnefilsdal, 4,8 tn í Merki og 0,6 tn við Þríhryningsvatn).
- Heildarmagn er 24,6 tn.

Heiðin:

- Sleppa Vaðbrekkuhálsi á þessu ári nema láta unglinga bera á virka rofsvæðið.
- Hrafnkelsdalur 3,6 tn bera aðallega á rofsvæðin meðfram veginum.
- Skænudalur 9 tn, leggja áherslur á neðra svæðið ofan vegar, innsta svæðið og efra svæðið.
- Faxahús: 7,8 tn. Reyna að tengja saman svæðin og bera á að veginum, athuga með rofabörðin vestan við Glúmsstaðadal sem voru skoðuð í haust, en þar þyrfti einnig að dreifa heyi til þess að ná góðum árangri.
- Laugarvalladalur: 10,8 tn. Rætt um það að áhugavert væri að byrja á nýju svæði utar í Laugarvalladal innan við Vesturdalsá sem var skoðað síðastliðið haust.

- Hallarfjall: Áhugavert væri að skipta svæðinu niður og gera einfaldar athuganir á mismunandi aðgerðum. Anna á Brú er hlynnt því að uppgræðslusvæðið verði stækkað á svipuðum nótum en vill síður að eldri svæðin séu örvuð með reglubundinni áburðargjöf. Áfram verður einungis borið á 100 kg á ha. Áætlað magn á þessu ári eru 3 tn.
- Múli: Aðallega á að bera á þau svæði þar sem borið var á í fyrsta skipti í fyrra innan við Djúpagil: 3 tn.
- Brú: leggja þarf áherslu á svæðið utan Djúpagils ofan við girðingu, á rofsvæðið meðfram Þverárvatni, líka neðan vegar, og á ysta svæðið í Múlanum við Einarsvörðuna ofan og neðan vegar, við Vörðuhraun ofan vegar og innan við Þverlækinn milli Þverárvats og Ánavats. Áætluð heildaráburðarmagn eru 12 tn.
- Grunnvatnsalda: Aðallega á að bera á utan við Netselstanga: 4,8 tn.
- Sænautasel: Leggja þarf áherslu á að bera á gildruna: 6 tn.
- Skjöldólfsstaðir með Gilsá: Stækka svæðið: 4,8 tn
- Jökuldalsheiði milli vega: Leggja áherslu á svæðin meðfram þjóðvegi 1, við Lindaselsrétt og í börðin í Lönguhlíð: 3,6 tn.
- Rætt um svæðið innan við Hölkná niður undir Jöklum sem ráðgjafanefndinni var bent á í fyrra. Ákveðið var að bæta ekki við fleiri nýjum svæðum á þessu ári í ljósi niðurskurðar. En áfram verður þetta svæðið haft í huga.

Eftir þessa yfirferð varð til eftirfarandi gróf áætlun. Þessi áætlun er til viðmiðunar en getur breyst, m.a. við skoðunina í vor.

Áætlun 2011

Svæði	áburður tn	fræ kg
Áreyrar	19,8	300 m
Unglingar	7,2	600 tu
Bændur	24,6	
Brú	12	
Hrafnkelsdalur	3,6	
Vaðbrekkuháls	0	
Skænudalur	9	
Hallarfjall	3	
Faxahús	7,8	
Laugarvallardalur	10,8	
Múli	3	
Sænautasel	6	
Grunnvatnsalda	4,8	
Jökuldalsheiði milli vega	3,6	
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	4,8	
Samtals	120	

frá því í fyrra
þarf að panta

Rætt var aftur um ákveðin svæði á áreyrum og farið í gegnum minnisatriði frá því í haust. Lögð er áhersla á mikilvægi heydreifingar eins og í börðin við Sænautasel, í börðin í Lönguhlíð og í börðin við Faxahús.

Fram kom að gera þarf nýja langtímaáætlun, sú gamla var frá 2005 til 2010.

Nefndin leggur til að haldinn verði opinn kynningarfundur um starfsemi Landbótasjóðs fyrir heimamenn í vor.

Rætt var um að áhugavert væri að skoða betur hvernig hægt væri að koma á ákveðnum rannsóknum á uppgræðslusvæðunum.

Ráðgjafanefndin ætla að taka GPS-settar myndir á um 10 völdum stöðum í skoðunarferðum sínum. Skoða þarf fyrst hvar þeir staðir eru þar sem Anna Bragadóttir sem leysti Guðrúnu af í barneignaleyfi 2003-2004 tók GPS settar upphafsmyndir.

Fleira ekki gert.

Fundargerðina ritaði Guðrún Schmidt

Fundur sjóðsstjórnar og ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs

Fellabær, 21.2.2011 kl. 13:00 til 15:45

Mætt: Anna H. Bragadóttir, Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt.

Anna bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Rætt var um áburðarverð og hugsanlega þróun þess.

Verð á fræi var einnig rætt. Gert er ráð fyrir að kaupa þurfi all að 600 kg af túnvingulsfræi sem unglingahópurinn mun nota í rofabörðin. Íslenskt túnvingulsfræ er ekki fáanlegt á þessu ári hjá Landgræðslunni. 300 kg af melgresisfræi er í geymslu hjá Guðmundi frá því í fyrra sem á að nota á áreyrar.

Farið var saman í gegnum áætlun sem ráðgjafanefndin lagði fyrir:

- Bændadreifing: þrátt fyrir mikinn niðurskurð er reynt að halda sama magni en ákveðið var að minnka áburðarmagnið smávegis í Möðrudal og að færa áburðinn fyrir Arnórstaði yfir á almenna dreifingu sjóðsins þar sem um svipað svæði er að ræða og verktakar eru hvort sem er að dreifa á.
- Rætt var um dreifingu birkifræs á ákveðnar áreyrar þar sem sauðfé kemur ekki á og sem standa ávallt upp úr. Kanna þarf vilji eigenda á þessu. Ekkert birkifræ er til sölu hjá Landgræðslunni á þessu ári. En ákveðið er að hafa þetta í huga ef það finnst fræ sem hægt er að kaupa. Rætt um hlut unglinga í þessu og söfnun á birkifræi.
- Áburðarmagn á hektara: svipað og hefur verið, 140 til 180 kg /ha en á fáeinum ákveðnum svæðum 100 kg/ha. Baldur segir frá að Anna á Brú sé sáttt við áframhaldandi uppgræðslu við Hallarfjall. Anna vill skoða svæðið í vor nánar til að gera tillögu um hvar eigi að stækka svæðið. Baldur ætlar líka að tala við bræðurna Stefán og Varða á Brú um þetta. Ef þarf að minnka áburðarmagnið enn meira en gert er ráð fyrir í áætlunni að væri hægt að bíða með að stækka við Hallarfjall. Svæðið þar er frekar stöðugt og lítið sem ekkert virkt rof í gangi. Sagt var frá að sumum finnist að þessi uppgræðsla þar passi ekki inn í umhverfið og virki eins og frímerki á þessu stóra svæði. Rætt var áfram um mismunandi sjónarmið á þessari uppgræðslu.
- Talað var um tillögu nefndarinnar um nýtt svæði utar í Laugarvallardal innan við Vesturdalsá sem er foksvæði með melgresi.
- Fram kom að ekki hafa allir forsvarsmenn Laugarvallardals verið ánægðir með uppgræðslu þar. Nauðsynlegt að tala aftur við þá.
- Við Einarsvörðu meðfram veginum er svæði sem þarf að styrkja en þar er m.a. víðir sem er á undanhaldi vegna jarðvegsrofs.
- Svæðið innan við Þverlækinn milli Þverárvatns og Ánavatns við Svínabúðalæk ætti að styrkja með áburði í sumar og tengja m.a. gömul uppgræðslusvæði saman.

- Spjallað var um „gildruna“ við Sænautasel og hlutverk hennar. Á þessu ári er gert ráð fyrir minnkun á áburði þar.
- Rætt er um að dreifa fræi og áburði í vatnsrásir við Netsel sem getur verið verkefni fyrir unglingahópinn.
- Talað var um að áhugavert væri að græða upp börðin innan við Faxahús. Einnig hefur Gísli bent á svæði við Kálfafell austan við Hrafnkelsdal innan við gömlu leiðina. Ákveðið var að fara ekki á það svæði núna vegna niðurskurðar.
- Fundarmenn voru sáttir við drög að áætlun.

Ekki er óhugsandi að skera þurfi áburð meira niður ef dæmið gengur ekki upp fjárhagslega.

Rætt um það að gott væri ef Arnór væri til í að vera áfram með unglingavinnu.

Talað var um verðflokkun á dreifingu og hvort það væri hægt að einfalda kerfið. Spurning hvort hægt er að borga eftir kg/ha eða hvort ætti að reikna út meðaltal á ári í þessa 3 flokka og koma sér saman um eitt verð.

Flutning á áburði bar til góma og hvernig fyrirkomulagið hefur verið.

Guðrún ætlar að senda fundarmönnum verklagsreglur Landgræðslunnar varðandi áburðarfdreifingu.

Sjóðsstjórnin ákvað að halda fund með Guðrúnu og þeim verktökum sem hafa svarað auglýsingu sjóðsins á föstudaginn 4.3. kl 9:30 í Fellabæ. Þá er einnig gert ráð fyrir að opna tilboð áburðarsala.

Rætt var um hugsanlega framlengingu á starfsemi sjóðsins. Fundarmenn voru sammála um það að við ákvörðunartöku væri best að taka tillit til skoðunar heimamanna.

Fjallað var um væntalegan fund fyrir heimamenn um starfsemi sjóðsins. Slíkur fundur yrði auglýstur í Dagskránni. Ákveðið var að stefna að miðvikudeginum 30. mars kl. 20 í Brúarási eða á Skjöldólfsstöðum. Guðrún og Anna munu sjá um að skipuleggja fundinn.

Kynnt yrði starfsemi sjóðsins í máli og myndum sem Guðrún mun aðallega sjá um. Síðan væri opið fyrir almenna umræðu og mjög gott að fá fram sjónarmið heimamanna á því sem gert hefur verið og á framtíðaráformum. Athuga skal hvort aðili frá Landsvirkjun gæti verið á fundinum, m.a. til að ræða um hegðun Jöklu. Dagbjartur getur einnig verið með kynningu um þróun vantsrennlis í Jöklu og fl.

Anna ætlar að kalla eftir áburðartilboðum.

Guðmundur þurfti að yfirgefa fundinn kl 15:10.

Spjallað var um að gera þurfi langtímaáætlun fyrir sjóðinn. Gott að gera hana þegar búið er að halda fundinn með heimamönnum til að geta fléttað sjónarmið þeirrar með inn í.

Rætt var um rannsóknir og nauðsynlegt að koma á framfæri við nemendur að hér eru margir möguleikar. Guðrún ætla að hafa það í huga varðandi Hrísluna sem er kynningarrit Þekkingarnets Austurlands um verkefnahugmyndir stofnana og fyrirtækja á Austurlandi.

Fundarritarði Guðrún Schmidt.

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 15. júní 2011

Þann 15. júní fóru Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna aðstæður og árangur uppgræðslunnar og ræða um aðgerðir sumarsins.

Galtastaðaeयरar: Rætt var um það hvort það væri hægt með uppgræðsluáðgerðum að hækka landið og hjálpa þar með ánni í því að finna fastan farveg. Margir nýjir vatnsálar hafa myndast frá því síðasta sumar. Mikill sandur er á nyrsta svæði. Melgresistoppar eru til staðar, líka þar sem áin flæddi yfir. Gaman var að sjá hvað melgresið er fljótt að safna í sig sandi. Ákveðið var að raðsa melgresi í auðnur milli melgresistoppa og styrkja melinn sem er til staðar með

áburði. Ekki á að sá í lægstu svæðin og álana. Yst á sandinum á að bera á gróðurinn sem þar er en ekki á þó að bera á beringspunt á þessu ári. Áætlað er að nota 3 tn af áburði.




Mynd 1: Galtastaðaeyrar, horft til norðurs. Nyrst er mikill sandur með melgresistoppum.

Hrærekslækjareyrar: Ysta svæðið var eyðilagt af yfirfallsvatni síðast liðið haust. Ákveðið var að bera 1,8, tn af áburði á það land þar sem gróður hefur fest rætur.



Mynd 2: Gróðurinn á innra svæði Hrærekslækjaráreyra hefur komið vel upp.



Mynd 3: Varla sást stingandi strá á ysta svæðinu sem hefur fengið söma uppgræðslumeðferð og innra svæðið. Virðist yfirfallsvatn hafa eyðilagt uppgræðsluna.


Áreyrar við Litla Bakka: Ysta svæðið lítur vel út og virðist vera í góðri framvindu. Innra svæðið er alveg eyðilagt. Ákveðið var að bera á 3,6 tn af áburði á svæðið fyrir neðan álinn vestan malarnáms.

Surtsstaðaeyrar: Innsta og ysta svæðið eru nokkuð vel á veg komin og þurfa ekki áburð á þessu ári. Á stórum kafla inn á milli hefur yfirfallsvatnið eyðilagt uppgræðsluna.



Mynd 4: Gróðurinn á ysta svæðinu á Surtssstaðaeysum virðist dafna vel.

Áreyrar við Breiðumörk: Áin hefur eyðilagt hlut af uppgræðslunni. Hinn hlutinn kemur vel út og þarf á styrkingu með áburði að halda. 1,8 tn á að bera á þann gróður sem kom upp.



Mynd 5: Þar sem yfirfallsvatn hefur ekki eyðilagt uppgræðsluna kemur gróðurinn vel upp. Þetta er sáning frá árinu 2010.

Áreyrar við Hólmatungu: Styrkja þarf sáningu austan við varnargarð. Innsta svæðið virðist vera alveg eyðilagt og ákveðið var að spá ekki meira í það í bili. Bera þarf á svæðið nálægt vatnsstöðumælunum. Það virðist vera að sáningar með t.d. túnvingli þoli betur flóð en svæðin sem hafa bara verið styrkt með áburði. Nota á í heild 4,2, tn af áburði á þessu svæði og bera á um 200 kg/ha.

Áreyrar við Bláeyri: Árangur uppgræðsluáðgerða er misjafn og svæðið því blettótt. Bera aftur á 1,8 tn af áburði á gróðurinn sem er til staðar.



Mynd 6: Uppgræðslusvæðið við Bláeyri.

Áreyrar við Hrafnabjörg: Árangur uppgræðslunnar er í heild góður en töluvert af svæðum hefur farið undir vatn á einhverjum tímapunkti. Engan áburð þarf á þetta svæði í sumar.

Almennt: Eftir þessa skoðunarferð eru í heild áætluð 16,2 tn af áburði á áreyrarnar á þessu ári. Það er 3,6 tn minna en var áætlað í vetur. Ákveðið var að sá áburður fari á svæðið við Háreksstaðaleið. Rætt var um ágæti þess að setja niður birkiplöntur eða sá birkifræi á

veiðieyrina. Ákveðið var að kanna hvort kostnaðurinn rúmist innan fjárhagsáætlunar. Í lok ferðar var komið við hjá Viggó Má Eiríkssyni sem er verktaki sjóðsins við áburðardreifingu á áreyrarnar. Rætt var um áætlun sumarsins. Viggó nefndi m.a. að hann hefði áhuga á því að setja niður hæla á þeim stöðum þar sem sandfok verður en hann hefur góða yfirsýn yfir það heiman frá sér.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar

Minnisblað 21. júní 2011

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs (Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt) um uppgræðslusvæði sjóðsins á heiðinni fór fram 21. júní. Kannaðar voru aðstæður og árangur uppgræðsluaðgerða og aðgerðir sumarsins ræddar.

Brú utan Þverár: Áætlað er að unglingar muni bera aftur á rofabörðin og einnig utar þar sem töluvert er enn af virku jarðvegsrofi. Innar eru einnig rofabörð sem stefnt er á að unglingahópurinn græði upp.



Mynd 1: Rofsvæði norðan rofabarðasvæðis við Brú utan Þverár.

Brú ofan fjárhúsa: Ekki á að bera á það svæði núna en nauðsynlegt er að bera aftur á neðra svæðið, um 25 ha, á næsta eða þarnæsta ári, sérstaklega meðfram börðunum og ofan á þeim.

Vaðbrekkuháls: Ákveðið var að bera ekki á Vaðbrekkuhálsinn á þessu ári. Á næsta ári þarf svo að bera á austan megin. Best væri ef unglingahópurinn færi aftur í óvéltaeku svæðin í sumar.

Hrafnkelsdalur: Unglingahópurinn á aftur að bera á skriðurnar og fjallshlíðina. Bera á í rofabörð ofan vegar frá Skænudalsá upp undir Langamó. Áburðarmagn 3,6 tn.

Skænudalur: Bera á neðsta svæði ofan vegar, á efra svæðið neðan vegar og á efsta svæðið þar sem borið er einungis 100 kg/ha. Unglingahópurinn á að bera á rofabörðin sem eru neðst. Áburðarmagn 9 tn.

Faxahús: Bera á nýtt svæði sem er yst við veginn og fyrir ofan veg að brekkunni. Það sem eftir er af áburðinum fer í Glúmsstaðadal vestan ár á rofabörðin. Unglingahópurinn á einnig að fara þangað. Mikið af virkum rofasvæðum eru þar. Áburðarmagn 7,8 tn.



Mynd 2: Við Faxahús. Áætlað er að bera á nýtt svæði ofan vegar að brekkunni.

Laugarvellir: Á þessu ári á að bera aðallega á norðan árinna, ofan heita lækjarins en einnig í hlíðina og út eftir. Svo þarf líka að styrkja eins árs uppgræðslu. Tala þarf við verktaka um að þeir keyri ekki yfir heita lækinn. Áburðarmagn 8,4 tn.

Laugarvallardalur utar: Þetta er nýtt svæði, sendið með eitthvað af melgresi. Bera á 2,4 tn á það svæði, 200 kg/ha.

Hallarfjall: Stækka á þetta uppgræðslusvæði með því að byrja á nýju svæði utar, neðan vegar. Það á eftir að tala við Stefán og Sigvarð en Anna er hlynnt þessu. Bera á 3 tn, 100 kg/ha.

Múli: Unglingahópurinn á aftur að bera á rofabörðin sem eru með Reykjaánni. 1,2 tn á að bera á svæðið innan við Djúpagil og 1,8 tn á ysta svæðið við Einars-vörðuna neðan vegar þar sem víðirinn er orðinn berróta.



Mynd 3: Töluvert rof er á svæðinu við Einars-vörðuna neðan vegar.

Brú: Utan við Djúpagil á að bera á innan girðingarinnar og á miðsvæði sem hefur bara fengið tvisvar áburð. Áburðarmagn 7,2 tn.

Ekki á að bera á við Vörðuhraun. 4,8 tn á að bera á rofsvæði við Þverárvatn, einnig neðan vegar og bera á svæði sem hafa bara fengið einu sinni áburð neðan vegar yst á Brúarsvæðinu. Ekki er til áburður núna til að tengja uppgræðslusvæðið við gróið land utan við Hálsenda.



Mynd 4: Horft yfir beitargirðinguna við Brú.

Grunnavatnsalda: 4,8 tn á að bera á svæðið utan Netselstanga, neðra svæðið meðfram Ánavatni. Senda á unglingahópinn í að vinna við að laga jarðrask á svæðinu.

Sænautasel: 6 tn af áburði á að dreifa á svæðið inn með Ánavatni sem fékk ekkert í fyrra. Unglingahópurinn á að vinna í rofabörðum.

Jökuldalsheiði milli vega: Bera á 2,4 tn á Toddastykkið og við Lindasel, aðallega í kringum réttina. Unglingahópurinn mun einnig vinna í Toddastykkinu og sá m.a. grasfræi. 4,8 tonn á að dreifa á svæði norðan vegar sem fékk ekki áburð í fyrra.

Skjöldólfsstaðir með Gilsá: Stækka á uppgræðslusvæðið auk þess sem styrkja þarf lélegustu svæðin. Áburðarmagn 4,8 tn.

Eftir skoðunarferðinni fundaði ráðgjafarnefnd með sjóðsstjórn á veitingarstaðnum „Á Hreindýraslóðum“ í Jökuldal. Sjá fundargerð frá Önnu Bragadóttur.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð ráðgjafanefndar Minnisblað 22. september 2011

Haustskoðunarferð ráðgjafanefndar Landbótasjóðs N-Héraðs (Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt) um uppgræðslusvæði sjóðsins á heiðinni fór fram 22. september. Kannaðar voru aðstæður og árangur uppgræðsluaðgerða og væntanlegar aðgerðir næsta sumars ræddar.



Eiríksstaðir: Góður árangur er af uppgræðslunni við Eiríksstaði. Svæðið sem hefur fengið áburð oftast lítur vel út og þarf ekki áburð á næsta ári en æskilegt væri að svæðið sem var sleppt í ár myndi fá áburð á næsta ári. Einnig á að dreifa áburði alls staðar meðfram börðunum.



Brú utan Þverár: Góður árangur er af uppgræðslu unglingahópsins á rofabörðunum. Ekki var farið á nýja svæðið sem er innar og fyrir ofan „bílasafnið“.

Vaðbrekkuháls: Svæðið austan megin þarf áburð á næsta ári.



Hrafnkelsdalur: Góður árangur er af aðgerðum sumarsins þar sem borið var á rofsvæðin víðs vegar ofan og neðan vegar bæði með vél og höndum.

Uppgræðslusvæðið við Langamó er mjög vel á veg komið. Efri melar eru með minni grósku og þurfa væntanlega einhverntíman áburð en það er ekki svo áríðandi. Hugleitt var að ræða við Gísla um það hvort hann taki þetta svæði inn í „Bændur græða landið“ uppgræðsluna sína.

Skænudalur: Athuga þarf hvort unglingahópurinn getur á næsta ári einnig farið í ystu rofabörðin. Svo þarf að einbeita sér að vestasta/efsta svæðinu næst.



Faxahús: Mikil fræmyndun er á svæðinu sem fékk áburð í fyrra.



Laugarvalladalur: Árangur uppgræðsluaðgerða er vel sýnilegur. Sleppa má því að bera á þetta svæði á næsta ári.




Laugarvallardalur utar: Einungis var horft úr fjarlægð á þetta nýja uppgræðslusvæði.

Múli: Uppgræðslustarf unglingahópsins á rofabörðunum í Múla ber góðan árangur og mörg rofabörð eru orðin nær lokuð. Áburðurinn dugði bara til þess að fara eina ferð á rofsvæðið við Einars-vörðuna en gróðurinn þar tekur vel við áburðinum. Leggja þarf meiri áherslu á þetta svæði. Við Meljaðrafjall er góður árangur en best væri að bera aftur á neðst þar sem mikil laus mold er ennþá á því svæði.



Brú utan við Djúpagil: Gróðurinn hefur tekið vel við sér eftir áburðardreifingu innan og utan beitargirðingarinnar. Lagt er til að á næsta ári verði haldið áfram með dreifingu í átt til norðurs með girðingunni, bæði innan og utan hennar. Á svæðinu meðfram Þverárvatni dafnar gróðurinn vel og rofið minnkar. Bera þarf á aftur á næsta ári, sérstaklega neðan vegar og á verstu rofsvæðin.



Grunnavatnsalda: Við Netsel var ekki nákvæmlega borið á það svæði sem lagt var til en góður árangur er á því svæði sem borið var á eins og sést á grænni slikju á myndinni. Á næsta ári á að bera á það svæði sem lagt var til sem er neðra svæðið meðfram Ánavatni. Á Grunnavatnsöldunni þurfum að að einbeita okkur meira að innri svæðunum.

Jökuldalsheiði milli vega: Frekar lélegur árangur var af áburðardreifingu upp á Lönguhlíð norðan vegar. Á rofabarðasvæði unglingahópsins er gróðurinn að grænka vel milli rofabarða eftir áburðargjöfina. Nauðsynlegt væri að fá hey til að setja í börðin. Rofsvæðið við Toddastykkið er mjög stórt. Milli rofabarða er gróðurinn farinn að taka vel við sér eftir áburðargjöf.

Skjöldólfssstaðir með Gilsá: Öll svæðin sem borið var á eru ágætlega græn. Ekki var farið inn á þetta svæði og það einungis skoðað úr fjarlægð.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 30. september 2011

Þann 30. september fóru Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt úr ráðgjafanefnd Landbótasjóðs N-Héraðs í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna árangur uppgræðsluaðgerða.



Litli Bakki: Árangur af uppgræðsluaðgerðum er almennt góður en gróðurlitlir blettir eru inn á milli. Vel sést hvernig sandur stoppar í gróðrinum. Nokkur víðitré eru að vaxa og dafna á svæðinu. Ekki þarf að bera á þetta svæði á næsta ári.



Áreyrar við Hrærekslæk: Gróðurinn hefur tekið vel við sig eftir áburðargjöfina. Vegna þess að yfirfallsvatnið í fyrra náði að eyðileggja töluvert af svæðinu er ekki ráðlagt að stækka þetta svæði að svo stöddu. Slóð var búin til svo vélar komist á svæðið. Rofabarð meðfram slóðinni var grætt upp.



Galtastaðaeýrar: Góð spírun melfræs virðist vera eftir raðsáningu. Mikilvægt er að bera vel aftur á þessar sáningar á næsta ári eða um 300 kg/ha. Melgresis-hólarnir eru duglegir við að safna í sig sandi. Beringspuntasvæðið litur vel út og er væntalega útskrifuð.



Veiðieyri: Svæðið sem hefur staðið upp úr vatni er orðin mjög vel gróið. Mikil jarðvegsskán hefur myndast og framvindan virðist vera í fullum gangi. Þetta svæði þarf væntanlega ekki áburð aftur. Unglingahópurinn gróðursetti birkiplöntur þar í sumar. Erfitt var að setja plönturnar niður þar sem svæðið er frekar grýtt. Lítið af birkinu virðist vera á lífi. Vel getur verið að gæsin hafi tekið eitthvað af bakkaplöntunum upp. Reynt var að setja plönturnar aftur niður í þessari skoðunarferð.

Hallgeirsstaðareyrar: Það sem komið er lítur vel út og þarf væntanlega ekki meiri áburð að svo stöddu.



Surtsstaðareyrar: Þar sem áin hefur ekki skemmt uppgræðsluna er gróðurinn orðin mjög öflugur. Á hluta þessa svæðis gróðursetti unglingahópurinn birkiplöntur. Eins og á Veiðieyri virðist sem gæsin hafi tekið töluvert upp af plöntunum. Reynt var að koma þeim niður í jörðina aftur.

Milli Hallgeirsstaða- og Surtsstaðareyrar eru nokkur uppgræðslusvæði sem voru eyðilögð af yfirfallsvatni í fyrra.




Hólmatungueyrar: Áburðinum var dreift hér og þar á veika bletti. Árangurinn virðist vera sæmilegur. Töluvert er af sauðfé á beit á þessum eyrum, einnig á sumrin. Á næsta ári þarf að halda áfram að bera á veika bletti, einnig þarf að bera á svæðið neðan varnargarðar.



Áreyrar við Bláeyri: Uppgræðslan er vel á veg komin. Sleppa má á næsta ári að bera á þetta svæði.

Hinu megin, á Galtastaðareyri ytri var töluvert sandfok á skoðunardegi. Athuga þarf hvort svæðið er aðgengilegt tækjum og skoða nánar aðstæðurnar þar.



Áreyrar við Breiðumörk: Ágætis árangur er af áburðardreifingu sumarsins og gróðurinn virðist dafna vel. Helst ætti að bera aftur á þetta svæði á næsta ári.

Kvöldið fyrir skoðunardag var rennsli við yfirfall 35 m³ á sekúndu.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Fundargerðir stjórnar LNH 2011

Fundargerð 54. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 19.01 2011

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir og Björn Ingimarsson bæjarstjóri.

Fundur settur kl.15:00 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Verktakar 2011. Björn Ingimarsson fór yfir ýmsar leiðir varðandi verðfyrirspurnir og útboð, vék hann síðan af fundi. Samningar við verktaka eru lausir. Samþykkt að senda dreifibréf til íbúa á starfssvæði sjóðsins og leita eftir áhugasömum aðilum til að sjá um dreifingu og flutning á áburði fyrir sjóðinn.
2. Samþykkt að halda fund með ráðgjafanefnd fljótlega.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.17.10

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 55. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 21.02.2011

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.10:00 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2010:** Sigurður Pálsson endurskoðandi mætti til fundar undir þessum lið og fór yfir reikninginn með fundarmönnum. Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 278.197.181. Til ráðstöfunar á árinu 2011 eru áætlaðar 16,7 millj sem er talsvert lægri upphæð en árið 2010. Að lokinni yfirferð var reikningurinn samþykktur. Senda þarf ársreikning sjóðsins til ríkisendurskoðunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, Landsvirkjunar, bæjarstjóra og aðal og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuað koman og vék hann síðan af fundi.
2. **Verktakar 2011.** Samþykkt var á síðasta fundi stjórnar að senda dreifibréf til íbúa á starfssvæði sjóðsins og leita eftir áhugasömum aðilum til að sjá um dreifingu og flutning á áburði fyrir sjóðinn. Erindi hefur borist frá Benedikt Arnórssyni, Snæbirni Ólasyni Agnari Benediktssyni og Sigurði Jónssyni dags. 25.01 2011. Viggó M. Eiríkssyni dags 31.01.2011 og Jóni Björgvin Vernharðssyni dags. 31.01.2011. Samþykkt að boða áður nefnda aðila til fundar við stjórn, ásamt Guðrúnu Schmidt
3. **Áburðarkaup 2011:** Samþykkt að óska eftir verði í 120 tonn af áburði frá áburðarsölum fyrir næsta fund sem er áætlaður þann 4 mars n.k.
4. **Ráðgjafanefnd Landbótasjóðs** kom kl 13:00 til fundar með stjórn. Til fundar mættu Baldur Grétarsson, Guðrún Schmidt og Dagbjartur Jónsson. Farið var yfir verkáætlun/ framkvæmdaáætlun sumarsins. Áætlað er að dreifa 120 tonnum af áburði þetta árið. Fundargerð fyrir sameiginlegan fund rituð af ráðgjafanefnd.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:50

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 56. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 04.03.2011

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir. Guðrún Schmidt frá ráðgjafanefnd Auk þess voru mættir sölufulltrúar frá Sláturfélagi Suðurlands og Skeljungu Helgi Haukur Hauksson, Stefán Fannar Steinarsson vegna liðar 1

Fundur settur kl.9:30 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður kynnti sölufulltrúum að stjórn landbótasjóðs áskilur sér allan rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

3. **Áburðarkaup opnun tilboða:** Tilboð opnuð í verð á áburði 2011. Borist hafa tilboð frá 2 aðilum eftirfarandi:
Skeljungi: Sprettur 23.12 með vsk Kr. 87.008 pr tonn greitt fyrir 15.mars 2011 kr 88.009 pr tonn með vsk, greitt fyrir 15.maí 2011. Auk þess á Skeljungur 53 poka gamla staðsetta á Skjöldólfsstöðum á kr 78.000 pr tonn.
Sláturfélagi Suðurlands: 120 tonn 26.6 með staðgreiðslu 1. apríl 2011, 75.200 + vsk pr tonn alls 11.325.120 með vsk, hinsvegar gr 1.okt 2011 80.000 +vsk pr tonn alls 12.048.000 með vsk, hvorutveggja með flutningi. Einnig var Búvís og Fóðurbliðndunni gefinn kostur að senda inn tilboð en ekki hafa borist tilboð frá þeim.
Áburðarsölum þökkuð koman og viku þeir síðan af fundi Stjórn landbótasjóðs fór yfir tilboðin, ákveðið að ganga til samninga við Skeljung um kaup á 120 tonnum af áburði 2011, þar af 53 poka frá 2010 sem eru á Skjöldólfsstöðum, með fyrirvara um að áburður frá 2010 sé óskemmdur. Komi fram gallar við dreifingu verði sá áburður bættur.
4. **Verktakar 2011:** Benedikt Arnórsson, Snæbjörn Ólason, Agnar Benediktsson mættu nú til fundar til viðræðna, rætt um uppgræðslusvæði, verklag og verktaka. Véku þeir síðan af fundi
Viggó M. Eiríksson mætti nú til fundar rætt um verklag, uppgræðslusvæði og verktaka, vék hann síðan af fundi
Jón Björgvin Vernharðsson, mætti nú til fundar rætt um verklag, uppgræðslusvæði og verktaka, vék hann síðan af fundi.
Samþykkt að gera drög að samningum við verktaka í þrennu lagi.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.13.50

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 57. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs og ráðgjafanefndar 21.06.2011

Mætt voru: Frá stjórn Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir. Frá ráðgjafanefnd Guðrún Schmidt, Baldur Grétarsson og Dagbjartur Jónsson.

Fundur settur kl.17:30 á Hreindýraslóðum Skjöldólfsstöðum

5. **Uppgræðsla sumarsins:** Ráðgjafanefnd fór þann 15. júní í skoðunarferð á áreyrar.
 - Á Galtastaðaeýrum lítur beringspuntur ágætlega út en svæði með melgresi lítur ekki eins vel út. Nýjir álar hafa myndast. Fyrirhugað er að tengja saman svæði eins og kostur er. Sá í þetta svæði melgresi með raðsáningarvél c.a 4 h.a. Semja þarf við Stefán á Hallfreðarstöðum að vinna það verk.
 - Hólmatungusvæði skemmdust töluvert á uppgræðslusvæðum vegna yfirfallsvatns í fyrra. Samþykkt að minnka áður áætlað áburðarmagn um 3,6 tonn á því svæði og bæta sama magni á svæðið milli vega á Jökuldalsheiði.
 - Samþykkt í tilraunaskyni að gróðursetja bakkabirkiplöntur á Fossvallaeyri og Surtstaðaeýri allt að 2000 plöntur. Dagbjarti falið að ræða þetta verkefni við

Arnór Benediktsson sem sér um verkstjórn sumarvinnuhóps Landsvirkunar á svæðinu í sumar.

- Fyrir í dag fór ráðgjafanefnd í skoðunarferð á uppgræðslusvæði á Jökuldalsheiði og Hrafnkelsdal. Þar er gert ráð fyrir að áburðarmagn færist lítið milli svæða. 3,6 tonn eru skv framanrituðu færð á svæðið milli vega. Áburðardreifing ætti að geta hafist í byrjun næstu viku.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.18:30

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 58. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 06.12 2011

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.16:30 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Fundargerð síðasta fundar:** Fundargerð fundar frá 21.06.2011 ásamt ráðgjafanefnd samþykkt og undirrituð.
2. **Verkefni 2011:** Farið var yfir vinnu verktaka og annarra fyrir sjóðinn ásamt fjárhagsstöðu árið 2011.
3. **Bændadreifing 2012.** Borist hefur erindi frá Stefáni Geirssyni dags 02.12 2011, óskar hann eftir fyrirgreiðslu úr sjóðnum til uppgræðslu vestan á Dýjafjalli sem er í 4-500 m hæð. Stjórn sjóðsins tekur jákvætt í erindið og vísar því til ráðgjafanefndar til umsagnar og einnig hvort á að auglýsa eftir nýjum svæðum í svokallaðri bændadreifingu á næsta ári.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 17:30

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð opins kynningarfundar um starfsemi LNH

Fundargerð

Opinn kynningarfundur á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs, haldinn í Brúarási 30. mars 2011, kl. 20:00.

Dagskrá:

1. **Saga og markmið Landbótasjóðs Norður-Héraðs. - Anna H.Bragadóttir formaður.**
2. **Landbótaaðgerðir sjóðsins og árangur þeirra. - Guðrún Schmidt fulltrúi Landgræðslu ríkisins í ráðgjafarnefnd.**
3. **Vatnsrennsli í Jöklu eftir virkjun. - Dagbjartur Jónsson fulltrúi Landsvirkjunar í ráðgjafarnefnd.**
4. **Fyrirspurnir og umræður.**

Mættir frá Landbótasjóði: Anna H. Bragadóttir, Sigvaldi H. Ragnarsson og Guðmundur Ólason. Frá ráðgjafarnefnd: Baldur Grétarsson, Guðrún Schmidt og Dagbjartur Jónsson.

Baldur Grétarsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Stakk hann upp á Sigvalda Ragnarssyni sem fundarstjóra og Guðmundi Ólasyni honum til aðstoðar. Engar athugasemdir.

Þá tók Sigvaldi við fundarstjórn og stakk upp á Baldri sem fundarritara. Engar athugasemdir. Sigvaldi kynnti fundarefnið og gekk til dagskrár.

1. **Anna H. Bragadóttir** bauð fundarmenn velkomna og rakti sögu sjóðsins frá upphafi. Þar kom m.a. fram að áætlað áburðarmagn til uppgræðslu 2011 er verulega minna en undanfarin ár vegna erfiðs árferðis í fjármálaumhverfinu. Verið er að ganga frá samningum við verktaka í fræ- og áburðardreifingu en sú vinna var auglýst í vetur þegar síðasti samningur rann út. Hún þakkaði verktökum vel unnin störf og sérstaklega Arnóri Benediktssyni sem lauk störfum í ráðgjafarnefnd sjóðsins á síðasta ári.
2. **Guðrún Schmidt** kynnti lög og aðferðafræði sem endurreisn vistkerfa grundvallast af og byggt er á í samningi við Landsvirkjun um Landbótasjóð Norður-Héraðs. Hún lýsti aðferðum sem notaðar hafa verið á Norður-Héraði. Aðallega hefur verið grætt með áburði. Lítið fræ hefur verið notað nema á rofsvæði og eyrunum í Jökulsárhlíð og Tungu. Hey hefur einnig verið notað í rofabörð. Hún lýsti aðkomu verktaka að uppgræðslunni en þeir hafa skilað mjög góðri vinnu. Auk þess að vera með góðan vélakost og GPS-tækni við dreifingu búa þeir yfir góðri staðkunnáttu, reynslu og áhuga á uppgræðslumálum sem skiptir miklu máli í svona verkefni. Bændum hefur verið gefinn kostur á að dreifa sjálfir á jörðum sínum og fer hluti áburðarmagns beint til þeirra verkefna. Þá hefur flokkur unglinga séð um ákveðin verkefni undir góðri stjórn Arnórs Benediktssonar. Guðrún sýndi árangur af uppgræðslu á svæðinu í máli og myndum og samtals er búið að bera á 4827,9 hektara frá upphafi. Á gervitunglamyndum sem Guðrún hafði aflað sér af uppgræðslusvæðunum var sjáanlega skýr munur frá árinu 2002 til 2010. Hún sýndi einnig 40 ára gamlar myndir af uppgræðslutilraunum á öðrum stöðum í mikilli hæð yfir sjó þar sem áburðargjöf er löngu hætt. Árangurinn þar er varanlegur, jarðvegur hefur myndast að einhverju leyti og gróður fest sig í sessi á tilraunasvæðinu. Þá lýsti Guðrún ástandi uppgræðslu á eyrunum en þar hefur Jökla valdið usla undanfarin sumur með flóðum. Erfitt verður að sjá fyrr en með vorinu hve mikið tjón hefur orðið vegna flóðanna síðasta sumar. Guðrún fór yfir uppgræðsluáætlun næsta sumars en þar er gert ráð fyrir 120 tonnum af áburði sem er miklum mun minna en undanfarin ár af ástæðum sem Anna rakti nokkuð í sínu erindi. Fyrri langtímaáætlun fyrir sjóðinn rann út á síðasta ári og þarf að vinna nýja. Guðrún óskaði eftir hugmyndum og ábendingum fundarmanna vegna þeirrar vinnu og lauk þar með kynningunni.
Undir þessum lið skaut Arnór inn fróðlegum upplýsingum um þróun uppgræðslu í Skænudal hjá Vaðbrekku.
3. **Dagbjartur Jónsson** sýndi þróun rennslis og vatnsstöðu í Kárahnjúkavirkjun frá upphafi. Fram kom að mjög er misjafnt hvenær áin hefur farið á yfirfall þau sumur sem liðin eru frá því að virkjunin hóf að framleiða raforku. Verið er skoða hagkvæmni þess ef nýtt lón kæmi utan Kárahnjúkastíflu og vatni yrði síðan dælt þaðan til baka upp í Hálslón. Talið er að slík framkvæmd mundi stytta yfirfallstímann verulega. Líkindi eru til þess að öskufall frá Eyjafjallajökli sem féll síðastliðið ár hafi aukið á bráðnun jöklanna og eigi þátt í miklu yfirfallsrennsli í Jökulsá seinnipart sumars og hausts sem leið.
4. **Sigvaldi** gaf orðið laust í almennum umræðum og fyrirspurnum. Eftirtaldir tóku til máls undir þessum lið:

Jón Björgvin Vernharðsson innti eftir möguleikum til að jafna rennsli í aðgöngum Kárahnjúkavirkjunar til að afstýra flóðum í Jöklu. Þá benti hann á tilraunir sem gerðar hafa verið með ræktun víðis og varpaði því fram hvort mætti notast við slíkt í uppgræðslustarfinu. Jón Björgvin taldi athugandi að minnka áburðarskammta niður undir 100 kíló á hektara og fara yfir stærri svæði í einu.

Gunnar Sigbjörnsson spurði um væntingar sjóðsins og framtíðarstefnu varðandi endurheimt þess gróðurlendis sem tapaðist undir Háslón. Hann benti á mikilvægi þess að farið yrði í framleiðslu á innlendum áburði í ljósi hækkaðs verðs á útlendum áburði og möguleika á framleiðslu steinefna úr íslenskum setefnum.

Agnar Benediktsson spurði um niðurstöður mælinga sem Landgræðsla ríkisns framkvæmdi víða um land á bindingu kolefnis í gróðri.

Arnór Benediktsson ræddi framtíð sjóðsins og taldi varhugavert að stækka svæðin mikið í ljósi fjárhagsstöðunnar. Þá lýsti hann reynslu sinni af áhrifum yfirfalls á uppgræðslu á Jökulsáreyrum og taldi þau mjög skaðleg fyrir uppgræðslu þar. Hann benti einnig á að bændur hefðu verið einhuga um að örva þann gróður sem fyrir er á svæðunum heldur en að vera sá nýjum tegundum. Arnór kvaðst óánægður með hve lítið magn áburðar er áætlaður í Jökuldalsheiði þar sem sauðfjárbætur er háð þeim skilyrðum að gróðri hraki ekki og undraðist það áburðarmagn sem áætlað er í Laugavalladal þar sem gæsir og hreindýr eru helst á beit.

Sigvaldi Ragnarsson taldi að með því að örva ný svæði mundi beitarálag dreifast. Var hlynntur því að lengja líftíma sjóðsins og taldi að þau fjörotíu ár sem sjóðurinn á að duga yrðu fljót að líða. Hann vildi horfa til lengri framtíðar m.t.t. þeirra miklu svæða sem bíða uppgræðslu og sjáanlega verða útundan þegar tímabilinu lýkur.

Jónas Guðmundsson taldi að nauðsynlegt væri að bæta ásýnd með uppgræðslu rofabarða á áberandi svæðum t.d. á Háreksstaðaleið. Spurði fulltrúa Landsvirkjunnar hvort skoðað hafi verið að hjálpa Jöklu að mynda fastan farveg með graftedframkvæmdum. Taldi nauðsynlegt að fylgjast náið með eyrasvæðinu á vordögum til að meta sem best hvernig uppgræðslu hefur reitt af eftir flóð síðasta árs og finna leiðir til að minnka óæskileg áhrif sandfoks. Spurði jafnframt um reynslu af notkun melgresis í því sambandi.

Baldur Grétarsson spurði hvort óbyggjandi niðurstöður lægju fyrir um áhrif eldfjallagjöskunnar á bráðnum Jökla. Hann benti á staðreyndir um hegðun Jöklu á eyrunum þegar hún er að ryðja sig á vorin. Áin virðist ekki hafa sama kraft áður til að ryðja sér braut þegar íshröngl er mikið og flæmist undan fyrirstöðum og myndar nýja ála. Baldur upplýsti einnig um áform sem uppi eru um uppgræðslu erfiðra rofabarða til að bæta ásýnd á svæðinu.

Guðmundur Ólason skýrði atriði sem snúa að fjármagni sjóðsins; áhrifum vaxta og verðtryggingar í varðveislu stofnfjárins. Hann gat þess að í Skipulagsskrá Landbótasjóðs er kveðið á um að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum.

Georg Þór Pálsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar svaraði nokkrum fyrirspurnum og spurði um áherslur varðandi langtímaáætlun sjóðsins.

Eftirfarandi atriði komu fram í svörum frummælenda við fyrirspurnum úr sal:

Guðrún: Seint mun nást að endurheimta það dýrmæta vistkerfi sem hvarf undir Háslón með uppgræðslu annarra svæða. Jarðvegsþykknun á borð við þá sem þar var, gerist á óralöngum tíma. Uppgræðslan gengur vel og stefnan er að endurheimta landgæði sem samsvara ígildi þess svæðis sem glataðist.

Ekki heppilegt að svelta unga uppgræðslu með of litlum áburðarskömmum.

Ekki eru komnar niðurstöður úr mælingum á bindingu kolefnis sem Landgræðslan er að vinna að um land allt. Aðeins lítill hluti landgræðslusvæða Norður-Héraðs komu þar við sögu.

Melgresi hentar vel við sum skilyrði þar sem sandur er fín og foksamur því jurtin myndar hóla sem taka vel við áfoki. Árangurslítið er að nota melinn þar sem sauðfjárbætur er fyrir hendi þar sem jurtin er afar viðkvæm fyrir beitarálagi.

Beðið var með frekari vinnu við nýja langtímaáætlun þar til eftir fundinn svo sjónarmið landeigenda fengju hljómgrunn í þeirri umræðu.

Guðrún þakkaði síðan fyrir þarfar ábendingar og skilaboð sem fundarmenn komu á framfæri.

Dagbjartur: upplýsti að ekki væri hægt að tappa vatni af Háslóni eftir aðgöngum virkjunarinnar án þess að yrði til rafmagn og þá þyrfti að vera markaður fyrir þá orku. Magnið sem rann á yfirfalli á síðasta ári er u.þ.b. 1/3 af því sem fer í gegnum Fljótsdalsstöð á ársgrundvelli. Afköstum stöðvarinnar er stýrt m.t.t. heildarorkuframleiðslu virkjana Landsvirkjunar og miðar að því að Háslón fyllist fyrst lóna til að afstýra uppfoki úr lónsstæðinu.


Ekki munu uppi nein sérstök áform um að mynda fastan farveg fyrir Jöklu með greftri. Álit sérfræðinga væri það að Jökusá á Dal ætti eftir að færa til mikinn efnismassa á eyrunum áður en hún sættist við fastan farveg.

Aska úr Eyjafjallajökli dreifðist á alla jökla sem eru á virkjanasvæði Landsvirkjunar en mun meira vatnsmagn var á ferðinni s.l. ár í öllum virkjunum Landsvirkjunar sem nýta jökulvatn.

Að öðru leyti svöruðu fulltrúar stjórnar og ráðgjafarnefndar fyrirspurnum jafnóðum og lauk þar með umræðum.


Formaður sjóðsins **Anna H. Bragadóttir** fékk síðan orðið og þakkaði fundarmönnum komuna og taldi umræðuna hafa verið nauðsynlega og gagnlega. Formaður bauð síðan viðstöddum að þiggja kaffiveitingar í boði Landbótasjóðs og sleit fundi kl. 22:15.

Fundargerð ritaði Baldur Grétarsson.



Landgræðsla ríkisins, JT apríl 2012 / Grunnþögn © LMI





Aðgerðir eftir árum:

- 2011
- 2010
- 2009
- 2008
- 2007

Landgræðsla ríkisins, JT apríl 2012 / Grunnþögn © LMI



2011: Yfirlitsmynd Jökulsáurar
Landbótasjóður Norður - Héraðs

0 1 2 3 4 km

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2011

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2011

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Við höfum kannað ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2011, hreinni eign hans 31. desember 2011, og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 27. janúar 2012

Deloitte hf.



Sigurður H. Pálsson

endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 16,8 millj. kr. á árinu, en ofráðstafað frá fyrra ári nam 3,0 millj. kr. Ráðstöfun á árinu nam 15,3 millj. kr., og er úthlutun ársins umfram heimild þannig alls 1,5 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2011 geti orðið u.þ.b. 18,2 milljónir króna að fráðregnu því sem ráðstafað var umfram heimild, eða alls um 16,7 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Brúarási, 27. janúar 2012

Í stjórn

Anna H. Bragadóttir
Sigvaldi H. Ragnarsen
Guðmundur Ólsen

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2011

	Skýr.	2011	2010
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	3.935.159	3.378.963
Hreindýraarður		473.426	482.044
		<u>8.408.585</u>	<u>7.861.007</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	21.320.165	17.411.500
Fjármagnstekjuskattur	8	(4.168.289)	(3.134.070)
Vaxtagjöld	8	(750)	(280)
		<u>17.151.126</u>	<u>14.277.150</u>
		<u>25.559.711</u>	<u>22.138.157</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	9	(15.264.197)	(23.322.936)
		<u>(15.264.197)</u>	<u>(23.322.936)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(3.335.735)	(6.817.003)
		<u>(3.335.735)</u>	<u>(6.817.003)</u>
(Lækkun) / hækkun á hreinni eign á árinu	5	6.959.779	(8.001.782)
Hrein eign frá fyrra ári		<u>278.197.181</u>	<u>286.198.963</u>
Hrein eign í árslok	5	<u>285.156.960</u>	<u>278.197.181</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	47.610.951	50.946.686
		<u>47.610.951</u>	<u>50.946.686</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	237.818.825	227.267.397
		<u>237.818.825</u>	<u>227.267.397</u>
		<u>285.429.776</u>	<u>278.214.083</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Annar ógreiddur kostnaður		272.816	16.902
		<u>272.816</u>	<u>16.902</u>
Hrein eign		<u>285.156.960</u>	<u>278.197.181</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	(1.464.478)	(2.976.753)
Til ráðstöfunar síðar	5	<u>286.621.438</u>	<u>281.173.934</u>
Hrein eign samtals		<u>285.156.960</u>	<u>278.197.181</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	7.935.159	7.378.963
Aðrar innborgaðar tekjur	5	473.426	881.674
Innborgaðir vextir	8	17.151.876	14.277.430
		<u>25.560.461</u>	<u>22.538.067</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(15.008.283)	(23.306.034)
Vaxtagjöld	8	(750)	(280)
		<u>(15.009.033)</u>	<u>(23.306.314)</u>
Hækkun á handbæru fé		10.551.428	(768.247)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>227.267.397</u>	<u>228.035.644</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>237.818.825</u></u>	<u><u>227.267.397</u></u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greiddast á 15 árum. Framlögin eru verðtryggð með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 176.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2011	2010
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	176.000.000	172.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	23.367.435	19.432.276
Greitt alls.....	199.367.435	191.432.276
Framlög til og með árinu 2017.....	24.000.000	28.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	23.610.951	22.946.686
Óhafin framlög samtals.....	47.610.951	50.946.686
	<u>246.978.386</u>	<u>242.378.962</u>

Skýringar og sundurliðanir

4. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2011	2010
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	281.173.934	282.582.688
Verðtrygging höfuðstóls	14.693.357	7.377.931
Laust til ráðstöfunar, 1/32 (1/33) hluti	(9.245.853)	(8.786.685)
	<u>286.621.438</u>	<u>281.173.934</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	(2.976.753)	3.616.275
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	9.245.853	8.786.685
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	7.057.193	7.461.179
Hreindýraarður	473.426	482.044
Ráðstafað á árinu	(15.264.197)	(23.322.936)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	<u>(1.464.478)</u>	<u>(2.976.753)</u>
Hrein eign samtals	<u>285.156.960</u>	<u>278.197.181</u>

6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2011	2010
Vextir af bankareikningi.....	21.320.165	17.411.500
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(4.168.289)	(3.134.070)
Vaxtagjöld	(750)	(280)
	<u>17.151.126</u>	<u>14.277.150</u>

Skýringar og sundurliðanir

9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:		
Áburður og fræ	10.656.393	16.413.101
Aðkeypt vinna verktaka	2.720.100	4.358.814
Flutningskostnaður	658.130	1.347.458
Tækjaleiga	7.800	90.360
Vinnulaun	531.600	531.600
Akstur	130.203	116.127
Tryggingagjald	60.924	59.707
Lífeyrissjóður	42.528	42.528
Fundakostnaður	59.259	81.600
Annar ósundurliðaður kostnaður	13.477	0
Bókhald og reikningsskil	383.783	281.641
	<u>15.264.197</u>	<u>23.322.936</u>